

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2017
UST201710-195/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn - Efnistaka - Fossárvík í Berufirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Um er að ræða umsókn Héraðsverks ehf. um leyfi til að taka allt að 35.000 m³ af hafsbotni í Berufirði í tengslum við vegagerð um fjörðinn.


Í umsókninni kemur fram að efni verði tekið úr framburðarbakka Fossár á 10-30 m dýpi. Fram kemur í greinargerð að líklega sé lífríki fábreytt á fyrirhuguðu efnistökusvæði án þess að það sé stutt nokkrum gögnum.


Umhverfisstofnun telur örðugt að veita umsögn um framkvæmdina þegar upplýsingar eru af jafn skornum skammti og í þessu tilfelli.

Umhverfisstofnun telur að Orkustofnun þurfi að gera kröfur um að vissar grundvallar upplýsingar liggi fyrir til að unnt sé að veita umsögn um möguleg áhrif efnistökkunnar á lífríki og þá jarðmyndun sem efnistakan fer fram í.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri